

## Skóli fyrir alla – námserfiðleikar í framhaldsskóla

Áhrif dyslexíu (dyscalculia, dysgraphia) geta komið fram á margvíslega vegu hjá nemendum á framhaldsskólastigi. Eftirfarandi upptalning byggist á reynslu höfundar af starfi með lesblindum nemendum í framhaldsskóla.

- Nemendurnir eru enn oft mjög hæglæsir þannig að námslestur tekur langan tíma. Margir styðjast við hljóðlestrarbækur, það tekur einnig lengri tíma en venjulegur hljóðlestur. Það er oft tímafrekt að finna réttan stað á hljóðsnældu ef ekki þarf að lesa alla bókina. Blindrabókasafnið hefur þjónustað vel nemendur á grunn- og framhaldsskólastigi. Nú eru allar nýjar hljóðbækur á geisladisk. Mikilvægt er að nemandinn sé meðvitaður um að námið tekur langan tíma og miði fjölda eininga á önn við það. Hægur lestur gerir það einnig að verkum að nemendur missa þráðinn. Þeir muna ekki upphaf kafla eða bókar. Þeir eru oft undir miklu álagi í greinum þar sem mikil áhersla er lögð á lestur. Það má einnig nýta talgervil til að lesa efni sem er í tölvutæku formi. Til er íslenskur talgervill, Snorri, og hægt er að fá enska og danska talgervla með litlum tilkostnaði.
- Margir nemendur eiga enn í ýmsum vandræðum hvað varðar lesturinn sem slíkan. Þeir sleppa úr orðum, bæta við orðum, snúa við orðum, sem allt hefur áhrif á hvaða merkingu þeir fá út úr rituðum texta. Þeir misskilja oft spurningar á prófum. Skýrt letur, gott línubil og skýr uppsetning texta getur skipt miklu máli fyrir skilning nemanda. Einnig að lesa yfir prófspurningar með nemendum eða að þeir fái spurningar á hljóðsnældu. Litaður bakgrunnur eða lituð prófblöð geta einnig auðveldað nemendum að lesa texta.
- Nemendur geta átt í miklum erfiðleikum með einbeitingu. Þeir missa athyglina og vita ekki hvað þeir hafa verið að lesa. Mikilvægt er að nemandinn geri sér grein fyrir þessu og þekki eigin einkenni. Stundum er betra að hætta að lesa og merkja við í bókina. Stuttar námslotur eða mörg hlé henta nemendum betur en langar námslotur eða fá hlé við námslestur. Nemendur ættu einnig að kynna sér

leiðbeiningar um lestur námsbóka. Nemendur eiga líka yfirleitt erfitt með að einbeita sér að mörgum verkefnum í einu. Þannig að gott skipulag og samvinna milli deilda um skiladaga verkefna kemur þessum nemendum, sem og öðrum, mjög til góða.

- Margir nemendur eiga erfitt með að muna það sem þeir hafa nýlega lesið eða kennari hefur sagt í tíma. Það pirrar þá og gerir þeim erfitt fyrir á prófum. Nemendur eiga erfitt með að skilja hvers vegna minni þeirra starfar á þennan hátt og eru oft ósáttir við sjálfa sig. Nemendur eru oft bitrir yfir því að þeir þurfa að eyða miklu lengri tíma í námið en aðrir en uppskeri minna. Mikilvægt er að æfa ýmiss konar minnistækni til að finna út hvaða tækni hentar hverjum nemanda.
- Nemendur upplifa misgóða daga. Suma daga eru þeir vel upplagðir og gengur vel í öllum greinum. Aðra daga er eins og allt gangi á afturfótunum. Þeir skilja t.d. ekki samsvarandi dæmi og þeir reiknuðu daginn áður eða geta ekki einbeitt sér að uppáhaldsfaginu sínu.
- Nemendur eiga oft í miklum erfiðleikum að skrifa glósur eftir töflu, glósustíll kennara er mismunandi. Sumir skrifa óskipulega á töfluna, aðrir eru of fljótir að stroka út. Skrift kennara er stundum ólæsileg. Glærur eru nemendum einnig erfiðar, sérstaklega handskrifaðar glærur. Nemendur með dyslexíu eru lengi að lesa það sem kennari skrifar, lengi að skrifa og ruglast þegar þeir þurfa að líta upp og niður. Þeir geta heldur ekki einbeitt sér að því að bæði skrifa og hlusta á kennara. Oft geta nemendur síðan ekki lesið það sem þeir skrifuðu í tímum. Margir hafa oft gott minni á talað orð og geta nýtt kennslustundina betur ef hægt er að fá ljósrit af glærum. Það er einnig hægt að fá ljósrit af glósum hjá skólafélaga sem mætir vel og skrifar skýrt. Mikilvægt er að viðurkenna vandann og bregðast við honum.
- Margir nemendur eiga í þeim erfiðleikum með stærðfræði sem lýst er í hér að framan. Þeir sitja fastir í fyrsta áfanganum í stærðfræði. Mikilvægt er að nemandi

fá sérkennslu sem byggir á þekkingu á vandamálinu, eðli stærðfræðinnar og nemandanum sjálfum.

- Margir nemendur eiga í miklum erfiðleikum með ritgerðarvinnu. Þeir eiga oft erfitt með ferilshugsun þar sem eitt tekur við af öðru í ákveðinni röð. Þeim finnst þó betra ef námsmat byggir á verkefnavinnu nemanda því það hentar þeim best að geta unnið verkefni í ró og næði. Mikilvægt er að nemendur nýti sér aðstoð og hjálpartæki eins og tölvu við úrvinnslu verkefna, leggi áherslu á skipulag og gerð beinagrindar.
- Margir nemendur eiga í miklum erfiðleikum með tungumálanám. Sérstaklega eru kröfur um rétta stafsetningu þeim erfiðar. Því meiri munur sem er milli talaðs máls og ritaðs því erfiðara er það yfirleitt nemandanum. Mikilvægt er að kennari taki tillit til þessa við mat á verkefnum í lesgreinum, hann meti innihald og skilning en ekki stafsetningu og skipulag.
- Nemendur eru margir haldnir miklum prófkvíða. Kvíðinn hefst oft í upphafi annar þegar í ljós kemur hvað lokapróf er stór hluti af námsmati annar. Prófaðstæður valda þeim yfirleitt mikilli streitu. Nemendur eru oft bitrir yfir því að þeir fá ekki að sýna hvað í þeim býr vegna matsaðferða sem almennt eru notaðar. Nemendur búa iðulega yfir þekkingu sem kemst ekki til skila á skriflegum prófum. Æskilegt er að kennarar noti sem fjölbreyttastar aðferðir til að meta þekkingu og hæfni nemenda og að einkunn á einu skriflegu prófi sé ekki látin veða alltof þungt í heildareinkunn áfangans.
- Þar sem nemendur með dyslexíu hafa oft beðið ósigur í grunnskóla er sjálfsmatið oft lágt þegar komið er í framhaldsskóla. Miklu máli skiptir að nemendur geri sér grein fyrir því að dyslexía hefur ekkert með greind að gera og að þeir fái stuðning við að beina athyglinni að því sem þeir gera vel.